



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (bann við limlestingu á kynfærum kvenna), 67. mál sem lagt hefur verið fram á 131. löggjafarþingi 2004 - 2005, nánar tiltekið þingskjal 67.

Frumvarp þetta miðar að því að lögfesta bann við limlestingu á kynfærum kvenna og að setja viðurlög við slíkum verknaði. Limlesting á kynfærum kvenna er ein alvarlegasta birtingamynd kynbundins ofbeldis sem eðli máls samkvæmt brýtur í bága við mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar og stríðir gegn alþjóðlegum mannréttindasamningum er vernda mannhelgi, einkalíf og líkamleg og andleg heilindi stúlkna og kvenna, s.s. samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1989), samningnum um afnám allrar mismununar gagnvart konum (1979), samningnum gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (1984) og samningnum um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi (1966) auk samningsins um verndum mannréttinda og mannfrelsis (Mannréttindasáttmála Evrópu) (1950). Þá segir í viðmiðunarreglum Flóttamannstofnunar Sameinuðu þjóðanna um kynbundnar ofsóknir frá 2002 (Guidelines on International Protection: Gender-Related Persecution within the context of Article 1A(2) of the 1951 Convention and/or its 1967 Protocol relating to the Status of Refugees) að kynbundið ofbeldi, s.s. limlesting á kynfærum kvenna, valdi alvarlegri þjáningu og sársauka og geti þannig fallið innan ramma ofsóknahugtaks Flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna.

Lögfesting banns við limlestingu á kynfærum kvenna er í samræmi við tilmæli Sameinuðu þjóðanna og skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum s.s. samningi réttindi barnsins sem kveður á um bann við pyntingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð auk þess sem 3. mgr. 24. gr. kveður á um að „aðildarríki skulu gera allar þær ráðstafanir sem vænlegar eru til árangurs og við eiga í því skyni að ryðja úr vegi hefðum sem eru skaðlegar heilbrigði barna.“ Hér ber þess einnig að geta að í 1. mgr. 3. greinar samningsins segir „að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.“

Í greinargerð kemur fram að algengast sé að limlesting á kynfærum sé framkvæmd á stúlkum á aldrinum frá fjögurra til fjórtán ára. Því er ljóst að upp geta komi tilvik þar sem foreldrar eða forráðamenn barna undir 18. ára aldri gerast brotlegir og gæti hin



nýja grein 218.a þannig skapað aðstæður þar sem barnið verður að þola málarekstur fyrir dómstóli og jafnvel aðskilnað frá fjölskyldu sinni ef foreldrar eða forráðamenn eru fundnir sekir. Félagslegar afleiðingar dómsmáls vegna limlestingar á kynfærum barnsins verður einnig að taka til athugunar s.s. mögulega útskúfun úr þeim félags- eða menningar hóp sem það og fjölskylda þess tilheyrir. Við beitingu hins nýja ákvæðis er því áriðandi hagsmunir barnsins séu hafðir í öndvegi.

Með lögfestingu banns við limlestingu á kynfærum kvenna stuðla íslensk yfirvöld að afnámi siðvenjunnar og aukinni vernd til handa konum og stúlkum er eiga á hættu að sæta kynbundnu ofbeldi. Mannréttindaskrifstofa Íslands fagnar því efni frumvarpsins og lætur í ljós þá von að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,  
f. h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Reykjavík 24. janúar 2004.

\_\_\_\_\_  
Guðrún D. Guðmundsdóttir, frkv.stj.